

Ed.

134. Frumvarp til laga

[113. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðist þannig:

„Greiða skal 13% verðjöfnunargjald i Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna.

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi en Orkubú Vestfjarða 20%“.

2. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. l. nr. 83/1974 kemur „1978“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu um 1 ár á gildistíma laga um verðjöfnunargjald af raforku, með þeiri breytingu, að gjaldinu er nú skipt milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80% gjaldsins og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%.

I sameignarsamningi ríkisstjórnar og sveitarfélaga á Vestfjörðum um Orkubú Vestfjarða, sem undirritaður var 26. ágúst 1977, stendur: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að Orkubúið fái sem svarar 20% af tekjum af verðjöfnunargjaldi af raforku“.

Framangreind breyting á lögum um verðjöfnunargjald af raforku er til samræmis við fyrirheit ríkisstjórnarinnar.

Með lögum nr. 85/1975 var gildistími l. nr. 83/1974 framlengdur til 31. desember 1976, með l. nr. 114/1976 til 31. desember 1977 og með þessu frv. til 31. desember 1978.